



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Umsögn um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um að starfsfólk sem þjónustar eldri borgara fái aukið svigrúm og sveigjanleika til að sinna því.*

Á fundi velferðarráðs þann 19. ágúst 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi tillögu:

„Tillaga Flokks fólksins um að starfsfólk sem þjónustar eldri borgara fái aukið svigrúm og sveigjanleika til að sinna því. Lagt er til að allt það færa fólk sem starfar í þessum geira fái aukinn sveigjanleika og svigrúm til að sinna starfi sínu með eldri borgurum. Þau störf sem hér um ræðir eru álagsstörf og launin eru lág. Til að geta sinnt starfi sem þessu þarf að hafa ríka þjónustulund. Fulltrúi Flokks fólksins vill nefna mikilvægi þess að starfsfólki sé veitt nauðsynlegt svigrúm í starfinu til að sinna eldri borgurum með ýmislegt sem er ekki endilega í verklýsingu. Þeir sem sinna þjónustunni eru jafnvel þeir einu sem sumir eldri borgarar sjá yfir daginn. Starfsfólk þarf að geta haft svigrúm og tíma til að hjálpa með ein og önnur erindi eins og t.d. ef hringja þarf fyrir eldri borgara og panta tíma hjá lækni eða annað sambærilegt. Hér er átt við að sá sem þjónustar gangi í verkefni sem augljóslega þarf að gera fyrir þjónustuþegann. Þetta auka svigrúm myndi einnig gefa nokkrar mínútur til að spjalla aðeins saman. Lagt er til að tillögunni verði vísað í sérstakan starfshóp til frekari úrvinnslu og að gert verði kostnaðarmat. Frestað og vísað til umsagnar velferðarsviðs.“

Umsögn:

Með þeim breytingum sem gerðar voru með lögum nr. 37/2018 á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og tóku gildi í október 2018, er gert ráð fyrir auknu svigrúmi og sveigjanleika til að sinna þjónustu við eldri borgara í heimahúsi. Sveitarfélagi er skylt, skv. 26. gr. laganna að sjá um stuðningsþjónustu til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Aðstoðina skal veita bæði innan og utan heimilis samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur. Þetta er nýmæli því áður hefur þjónustan

verið einskorðuð við heimilið. Í reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu sem nú eru í smíðum er gert ráð fyrir að þjálfar og styðja notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, bjargað sér sjálfir og verið félagslega virkir. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf og leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Áður en þjónustan hefst er gert mat á stuðningsþörf og það fer fram í samvinnu með umsækjanda og er framkvæmt á heimili hans. Tekið skal tillit til markmiða og þarfa hans, færni til að sinna athöfnum daglegs lífs og félags- og fjölskylduaðstæðna. Þjónustan getur verið stuðningur við athafnir daglegs lífs, við persónulega aðhlynningu s.s. við að klæða sig og háttar, borða, taka lyf o.þ.h. Jafnframt er veittur stuðningur við heimilishald, til að nýta velferðartækni og ýmis hjálpartæki verða útveguð. Félagslegur stuðningur miðar að því að rjúfa félagslega einangrun. Síðan er áfram boðið upp á heimsendingu matar fyrir þá sem ekki geta annast matseld sjálfir og hafa ekki tök á að borða í félagsmiðstöðvum velferðarsviðs. Einnig munu tvö teymi veita þjálfun og aðstoð. Þetta er annars vegar teymi endurhæfingar í heimahúsi sem byggir á þeim markmiðum sem notandi setur sér og eru honum mikilvæg til að ráða við daglegt líf. Þjónusta teymisins er oft mikil í stuttan tíma og notendur eru síðan útskrifaðir sjálfbjarga þegar markmiðunum sem þeir setja sér er náð. Hins vegar er í boði að fá aðstoð frá viðbragðsteymi inn á heimili þar sem verulegrar tiltektar er þörf, áður en hefðbundin stuðningsþjónusta getur hafist. Í samræmi við anda endurhæfingar sem verða í reglunum og það að við mat á stuðningsþörf skal ætíð taka mið af einstaklingsbundnum þörfum á starfsfólki að hafa svigrúm og tíma til að aðstoða með ýmis konar erindi sem þarf að leysa á heimilinu. Þegar reglurnar eru fullmótaðar verða þær kostnaðarmetnar og við samþykkt þeirra hefst undirbúningur á innleiðingu þeirra. Að ofansögðu er því ljóst að við framkvæmd nýrra reglna Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu sem gerðar verða vegna þeirra breytinga sem áttu sér stað á félagsþjónustulögunum með lögum 37/2018, mun verða gert ráð fyrir auknu svigrúmi og sveigjanleika til að sinna þjónustu við eldri borgara í heimahúsi. Þannig er tryggt að innihald ofangreindrar tillögu komi til framkvæmda.